

Mánudaginn 2. marz 1970.

Nr. 200/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Sveini Benediktssyni**

(Jón Hjaltason hrl.).

**Dómenður:**

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,  
Gizur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessor Þór  
Vilhjálmsson.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Lögð hefur verið fram í Hæstarétti greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, dags. 27. nóvember 1969, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 30 staðarákvarðanir varðskipsins Alberts, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 200/1969: Ákærvaldið gegn Sveini Benediktssyni, skipstjóra á m/b Björgu, NK 103.

Á kortinu eru staðir varðskipsins auðkenndir með svörtum lit, en staðir bátsins með rauðum lit.

Í kortinu eru:

- A = staður varðskipsins kl. 1002 h. 6/10 '69. Þá mælist báturinn á stað a um 1,9 sjóm. frá landi, eða um 1,1 sjóm. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.
- B = staður varðskipsins kl. 1008. Þá mælist báturinn á stað b um 1,0 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.
- C = staður varðskipsins kl. 1014. Þá mælist báturinn á stað c um 0,5 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.
- D = staður varðskipsins kl. 1020. Þá mælist báturinn á stað d um 0,3 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.
- E = staður varðskipsins kl. 1026. Þá mælist báturinn á stað e um 0,1 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

F = staður varðskipsins kl. 1037 við hlið bátsins. Staður F mælist um 0,6 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði bátsins, miðað við fjarlægðir milli mælistaða, reiknast mér þannig: a—b um 4,0 sjóm., b—c um 5,5 sjóm., c—d um 2,0 sjóm., d—e um 4,0 sjóm. og e—F um 3,0 sjóm.

Þar sem sjókortíð er í litlum mælikvarða og tíminn er aðeins tiltekinn með mínútunákvæmni, má gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli mælistaða“.

Hinn 4. febrúar 1970 voru að tilhlutan Hæstaréttar og beiðni sakadóms ríkisins dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur þeir Þorsteinn Gíslason skipstjóri og Sigurður Þórarinnsson skipstjóri sem sérkunnáttumenn um togveiðar, „til að láta uppi sitt álit með hliðsjón af niðurlagi skýrslu Jónasar Sigurðssonar skólastjóra um hraða v/s Bjargar, NK 103, miðað við fjarlægðir milli mælistaða, hvort báturinn geti með vörpuna í sjó farið á þeim hraða, sem þar greinir“.

Skyldu hinir dómkvöddu menn láta í té skriflega álitsgerð.

Álitsgerð þeirra, dags. 10. febrúar 1970, hljóðar svo:

„Vegna beiðni saksóknara ríkisins senda undirritaðir hér með álit sitt varðandi M 2412/69, þ. e. hvort v/s Björg, NK 103, geti hafa náð þeim hraða með vörpu í sjó, sem um getur í niðurlagi skýrslu Jónasar Sigurðssonar skólastjóra.

Tvö atriði benda á, að þetta geti fyllilega staðizt:

1. Að athuguðu máli sést, að þarna getur verið um ónákvæma tímasetningu að ræða, þar sem svo stuttar vegalengdir eru og tíminn aðeins sex mínútur milli viðmiðunarpunkta og notuð er mínútu nákvæmni. En sé meðalhraðinn tekinn frá punkti a—f, þ. e. í 35 mín., kemur í ljós, að hraði bátsins er innan við 4,0 sml. Ekkert er við þann toghraða að athuga.

Þessu til stuðnings bendum við á, að hraðinn frá c—d fer niður í 2,0 sml., en hvergi kemur fram, að báturinn hafi dregið úr ferð sinni á þessu tímabili.

2. Ef lítið er á þann hraða, sem gefinn er upp frá b—c, þ. e. 5,5 sml., þá er ekkert því til fyrirstöðu, að bátur af þessari gerð geti náð þessum toghraða á svo grunnu vatni, sem um ræðir.

Til þess að svo megi verða, eru til ýmsar leiðir:

a) Venjulega 'toga þessi skip ekki með fullu vélaafli og geta því aukið ferð sína.

b) Á svo grunnu vatni er lítið af togvörum úti. Og með því að slaka út til viðbótar getur náðst mikil ferð á meðan.

c) Ef slakað er út öðrum togvörnum og varpan skekkt, þá eykst hraði skipsins mikið, og nægði það örugglega til að ná 5,5 sml. ferð“.

Hinir dómkvöddu menn staðfestu álitsgerðina fyrir dómi. Þorsteinn Gíslason 20. febrúar og Sigurður Þórarinnsson 23. febrúar 1970. Báðir svöruðu þeir fyrir dómi ýmsum spurningum, sem Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður lagði fyrir þá af hendi verjanda ákærða:

1. „Er uppgefinn toghraði miðaður við það, sem umræddur bátur hafði í togi umrætt sinn, eða það, sem ætla má eftir stærð skipsins o. s. frv.?“

Svar Þorsteins: „Það, sem var ætlazt til af okkur matsmönnum, var að segja til um, hvort útreiknaður hraði á milli b og c gæti staðizt, og miðuðum við þá við skip um 200 smálestir að stærð með 400 hestafla vél, sem notar vörpu með 85 feta höfuðlinu. Einnig tókum við tillit til þess afla, sem sagður var í vörpunni, og breytir hann ekki áleti okkar“.

Svar Sigurðar: „Við gerðum okkur grein fyrir og miðuðum við, að 5—7 tonna afli væri í vörpunni, og tókum tillit til annarra aðstæðna umrætt sinn“.

2. „Er álitsgerðin byggð á sannanlegu sjólagi á umræddum tíma með hliðsjón af vindi og straumum?“

Svar Þorsteins: „Hliðsjón var höfð af því, sem fram kom í dómprófi gagnvart þessu atriði“.

Svar Sigurðar: „Í hæstaréttarágripinu kemur fram, hvernig veðrið var á umræddum tíma, og var tekið tillit til þess og einnig, að skv. töflum hafi verið straumlaust eða straumlítið á umræddum tíma. Þó að straumur hefði verið, hefði hann ekki haft nein áhrif á togferðina, þar sem hann liggur þvert á stefnu skipsins“.

3. „Er uppgefinn toghraði óvenjulega mikill, miðað við aðstæður?“

Svar Þorsteins: „Milli viðmiðunarpunkta b og c er hann óvenju mikill, en milli c og d óvenju lítill“.

Svar Sigurðar: „Sé miðað við meðalhraða frá punkti a—f, er toghraðinn um 4 sjómílur, sem ekki er óeðlilegt, en hins vegar er toghraðinn 5,5 sjómílur frá punktum b—c óvenjulega mikill“.

4. „Er eðlilegt, að þessum toghraða sé náð í beinni stefnu?“

Svar Þorsteins: „Svar við þessu kemur fram í álitsgerðinni“.

Svar Sigurðar: „Það er hægt, en ekki venjulegt“.

5. „Er tekið tillit til í álitsgerðinni, að sérstaklega í austan-átt liggur harður straumur vestur með landinu og mest við stórstreymi?“

Svar Þorsteins: „Í dómprófi kemur fram, að uppgefin vindátt er SV 3 og síðan kul. Auk þess er þetta rétt eftir fjörufallaskipti, svo að þetta frá landi má ætla, að lítt sé farið að gæta straums vestur á við. Auk þess er stefnan milli punkta b—c frá landi, en straumur liggur þarna með ströndinni, svo að með þessari stefnu gætir straums lítið gagnvart toghraða skipa, þegar togað er þvert á strauminn“.

Svar Sigurðar: „Já, við tókum tillit til allra aðstæðna“.

6. „Telur mættur, að raunhæfari niðurstöður myndu nást með því, að matsmenn reyndu sjálfir siglingahraða bátsins við svipaðar aðstæður og voru í umrætt skipti?“

Svar Þorsteins: „Slikt myndi ekki breyta niðurstöðum álitsgerðarinnar, þar sem við teljum, að hægt sé að komast milli viðmiðunarpunkta a—f, miðað við þær stefnur, sem eru uppgefnar og tímann 35 mín.“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja sannað, að bátur ákærða, v/s Björg, NK 103, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Ákvæði laga nr. 62/1967 eru reist á þeim sjónarmiðum, að skipstjóri beri eindregna fjársektarábyrgð á því, er fiskiskip hans stundar ólöglegar veiðar innan fiskveiðimarkanna, sbr. t. d. ákvæði 4. gr., þar sem segir: „Nú næst ekki

í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálfst eða andvirði þess að hluta“.

Ákvæði 5. gr. laganna gera ráð fyrir því, að ekki verði aðrir skipverjar saksóttir fyrir fiskveiðibrot. Samkvæmt þessu verður að telja ákærða ábyrgan fyrir sekt þeirri, sem til hefur verið unnið eftir lagaboðum þeim, sem í ákæru greinir. Telst sektin hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Hins vegar þykir eigi eiga að dæma ákærða til refsivistar til vara, þar sem eigi er upp komið, að hann, sem var sofandi, hafi átt saknæman þátt í brotinu.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Benediktsson, greiði kr. 40.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, sem renni í rikissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

**prófessors Þórs Vilhjálmssonar.**

Í lögum nr. 62/1967 segir hvergi berum orðum, að skipstjóri beri hlutlæga refsíábyrgð á brotum gegn ákvæðum laganna. Er því ekki um slíka ábyrgð að ræða samkvæmt

þeirri meginreglu í íslenskum rétti, sem fram kemur í 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. og 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 og 2. tölulið 6. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem fullgiltur hefur verið af Íslands hálfu samkvæmt auglýsingu nr. 11/1954. Að vísu hvílir rík stjórnar- og eftirlitsskylda á skipstjóra vegna stöðu hans, en í þessu máli er tilefni til að rannsaka sérstaklega, hvort hún leiði til refsíabyrgðar.

Af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, verður ráðið, að ákærði hafi lagzt til svefns kl. 0440 aðfaranótt hins 6. október 1969. Varðskipsmenn um borð í v/s Albert urðu skips varir um eða rúmlega 5 klukkustundum síðar og töldu það vera að ólöglegum veiðum. Fyrsta staðarákvörðun var gerð kl. 1002, en kl. 1038 var m/b Björg, NK 103, stöðvuð. Kl. 1100 kom skipstjórinn, ákærði í máli þessu, um borð í varðskipið. „Sagðist hann hafa verið sofandi og ekkert vita um þetta og hafði stýrimaður verið að toga“, eins og segir í skýrslu skipherrans á varðskipinu. Þegar ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja sama dag, kvaðst hann hafa gengið til svefns kl. 0440 og „hafi hann ekki vaknað, fyrr en varðskipið var við hliðina á bátnum“. Síðan var bókað: „Mætti segir, að þegar hann hafi farið að sofa, séu þeir staddir 8 mílur SA af Ingólfshöfða og hann hafi sagt stýrimanni sínum, hvar hann hafi verið að toga um nóttina“. Er þetta hið eina, sem fram kemur í skjölum málsins um orðaskipti milli ákærða og stýrimanns, um það leyti sem ákærði gekk til náða. Hins vegar styður framburður annarra skipverja á m/b Björgu það atriði í skýrslu ákærða, að hann hafi falið öðrum manni að stjórna veiðum þennan morgun og að hann hafi verið í svefni, þegar varðskipsmenn stöðvuðu bátinn.

Líklegt er, að ákærði hafi verið rúmlega 5 klukkustundir í svefni, þegar bátur hans var stöðvaður. Er því tilefni til að rannsaka nánar, hvort svo hafi verið. Reynist það rétt, þarf að rannsaka, hver fyrimæli ákærði gaf stýrimanni,

þegar ákærði fól honum að stjórna veiðum, enda verður að telja, að brot stýrimanns gegn fyrirmælum ákærða geti valdið sýknu í máli þessu.

Því hefur ekki fengizt framgengt, að þessi atriði væru tekin til rannsóknar. Hef ég því talið óhjákvæmilegt að greiða atkvæði með heimvisun málsins. Þar sem ég hef orðið í minni hluta um það atriði, hef ég vegna ákvæðis 53. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands lýst mig andvígán atkvæði meiri hluta dómenda. Varaforseti Hæstaréttar, sem er dómsforseti, þegar fjallað er um þetta mál, hefur beint til mín þeirri spurningu, hvernig ég telji efnisdóm í málinu eiga að vera. Það er sem fyrr segir álit mitt, að erfiðleikum sé bundið að kveða upp efnisdóm. Þó tel ég mér skylt vegna ákvæða 2. mgr. 52. gr. og 53. gr. hæstaréttarlaga að láta uppi álit hér að lútandi. Með tilvisun til þess, sem segir í 1., 2. og 3. málsgrein þessa dómsatkvæðis, verður dómsorð mitt þetta:

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

#### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 8. október 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 8. október, kl. 1600, var sakadómur Vestmannaeyja settur á skrifstofu embættisins við Bárugötu af Guðmundi Malmquist, fulltrúa bæjarfógeta, með samdómsmönnum Einari Guðmundssyni skipstjóra og Martin Tómassyni forstjóra.

Fyrir var tekið málið: Ákæruvaldið gegn Sveini Benediktssyni og í því uppkveðinn svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins, dags. 7. þ. m., á hendur skipstjóranum á vélskipinu Björgu, NK 103, Sveini Benediktssyni, Hafnarbraut 2, Neskaupstað, „fyrir að hafa gerzt

sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi mánudaginn 6. október 1969 út af Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. 2. mgr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961, 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Sveinn Benediktsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði, Sveinn Benediktsson, er fæddur hinn 8. júlí 1935 í Mjóafirði, Suður-Múlasýslu, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, dags. 6. þ. m., undirritaðri af skipherra varðskipsins Alberts, segir á þessa leið:

„Hinn 6. okt. 1969 tók varðskipið m.b. Björgu, NK 103, að meintum ólöglegum veiðum. Skipstjóri Sveinn Benediktsson, fæddur 8. 7. 1935, til heimilis að Hafnarbraut 2, Neskaupstað.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Mánudaginn 6. okt. 1969, er varðskipið var á vesturleið austur af Ingólfshöfða, sást skip, sem virtist vera að ólöglegum veiðum. Voru í því sambandi gerðar eftirfarandi ráðstafanir: Lausi fjarlægðarhringur radsjárinnar athugaður og var réttur. Kl. 0955 sett á fulla ferð.

1. Kl. 1002 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skipið í r/v 240°, fjarlægð 7,2 sjóm.

Salthöfði, fjarlægð 7,3 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 8,1 sjóm.,

og gefur það stað skipsins 2,0 sjóm. frá næsta landi.

2. Kl. 1008.

Skipið í r/v 241°, fjarlægð 5,7 sjóm.

Salthöfði, fjarlægð 6,6 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 7,0 sjóm.,

og gefur það stað bátsins 2,0 sjóm. frá næsta landi.

3. Kl. 1014.

Skipið í r/v 237°, fjarlægð 4,4 sjóm.



Salthöfði, fjarlægð 6,2 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 6,0 sjóm.,

og gefur það stað skipsins um 2,5 sjóm. frá næsta landi.

4. Kl. 1020.

Skipið r/v 233°, fjarlægð 3,1 sjóm.

Salthöfði, fjarlægð 5,8 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 4,8 sjóm.,

og gefur það stað skipsins um 2,8 sjóm. frá næsta landi.

5. Kl. 1026.

Skipið r/v 221°, fjarlægð 2,0 sjóm.

Salthöfði, fjarlægð 5,7 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 3,8 sjóm.,

og gefur það stað skipsins 3,1 sjóm. frá næsta landi.

Kl. 1028 stöðvunarmerki -K- með ljósmorse

Kl. 1031 stöðvunarmerki -K- með ljósmorse

og sést, að báturinn er að toga með stjórnb. vörpu.

Kl. 1033 -K- með flautu.

Kl. 1035 -K- með flautu og sést, að þetta er m.b. BJÖRG, NK 103.

Kl. 1036 -K- með flautu.

Kl. 1037 komið að bátnum og gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið hans:

Eiríksnef í r/v 299°, fjarlægð 3,6 sjóm., dýpi 83 m. Kallað yfir í bátinn og honum sagt að hífa upp og verði bátur sendur yfir.

Kl. 1038 báturinn stöðvaður.

Kl. 1039 slegið úr blökkinni.

Kl. 1043 hlerar í gálga.

Kl. 1045 fer bátur yfir.

Um kl. 1047 flýtur belgur vörpunnar upp, og virðist vera talsvert af fiski í honum.

Kl. 1100 kemur skipstjóri bátsins um borð í varðskipið. Sagðist hann hafa verið sofandi og ekkert vita um þetta og hafi stýrimaður verið að toga.

Kl. 1108 farið með skipstjórann yfir aftur og komið með stýrimanninn um borð í varðskipið. Hann kvaðst hafa kastað milli kl. 0800 og 0830, að hann minnir, og hann þá verið 7 sjóm. af Ingólfshöfða. Kvaðst hann hafa togað í S og SV-læga stefnu og hafa togað í hring, er hann kom á 3 mílurnar, en togað síðan í austur og síðar SA.

Kl. 1120 var stýrimaður fluttur aftur um borð í bátinn og skipstjóranum sagt að halda til Vestmannaeyja.

Staðarákvarðanir voru gerðar af I. og II. stýrimanni á KH 14/9T radsjá og gýróáttavita undir umsjón skipherra.

Úrklippa úr sjókort nr. 30, þar sem staðir varðskipsins og bátsins eru markaðir, fylgir hér með.

Veður: SV-3, kul, sjór 4—5, skýjað loft“.

Skipherra varðskipsins, Bjarni Ólafur Helgason, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja, og kvað hann skýrsluna rétta og kannaðist við undirskrift sína á henni. Einnig mættu 1. og 2. stýrimaður, og kváðu þeir skýrsluna rétta.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, kvaðst hann hafa verið sofandi frá því kl. 0440 og þangað til varðskipið var komið við hliðina á bátnum. Þeir hafi verið staddir 8 sjóm SA af Ingólfshöfða, þegar stýrimaður tók við um nóttina, og hann hafi sagt honum, hvar hann hefði verið að toga.

Ákærði kvaðst hafa litið í ratsjá, þegar hann vaknaði, og hafi þeir þá verið 3.6 sjóm frá landi.

Ákærði kvað stýrimann sinn hafa sagt sér, að hann hefði togað fyrst í N, beygt síðan í A og stefnan hafi verið ASA eða SA, þegar varðskipið hafi komið að bátnum. Ákærði kvaðst ekki viss, hvort byrjað hafi verið að beygja 0.2 sjóm frá landhelgislinu eða hvort búið hafi verið að beygja 0.2 sjóm frá mörkunum.

Ákærði kvað togferð bátsins vera um það bil 3 sjóm.

Ákærði kvaðst hafa séð Ingólfshöfða, þegar hann hafi komið upp, en hann hafi ekki séð til ferða neins báts fyrir innan Björgu, NK.

Stýrimaður m/b Bjargar, NK, kom fyrir réttinn sem vitni, og kvaðst hann hafa verið á vakt frá því kl. 0430 eða 0500 um morguninn og hann hafi verið enn á vakt, þegar varðskipið hafi komið að bátnum. Vitnið lagði fram sjókort, þar sem það hafði teiknað inn á leið bátsins, frá því að síðasta tog hófst og þar til að varðskipið kom að bátnum. Vitnið kvaðst hafa séð annan bát fyrir innan Björgu, þegar það hafi verið að beygja austur um, en það hafi ekki veitt þeim bát neina athygli, enda verið þoku-slæðingur. Vitnið sagði, að endurskin, sem komið hafi fram á ratsjá varðskipsins og sýnt hafi bát fyrir innan 3 sjóm, geti ekki hafa verið af Björgu, NK 103.

Vitnið kvaðst alls ekki hafa togað nær landi en 3.2 sjóm, enda hafi það stuðzt við ratsjarmælingu í Ingólfshöfða, en ekki notað Salthöfða sem viðmiðunarpunkt, vegna þess að það telji Salt-höfða mjög vafasaman stað til fjarlægðarmiðunar.

Vitnið sagði, að rétt hafi verið eftir því haft í skýrslu varðs-  
sipsins, nema hvað það hafi kastað kl. 0830.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Pétur Kjartansson kom fyrir rétt, og hafði það komið  
upp í brú einhvern tíma á milli kl. 1000 og 1030, en ekki lesið á  
ratsjá eða dýptarmæli, en það hafi tekið eftir því, að stefnan  
hafi verið SA. Vitnið sá engan bát innan við Björgu um morg-  
uninn.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Dagur Björnsson matsveinn kom fyrir réttinn og skýrði  
frá því, að það hafi komið upp í brú kl. 1000, en þó sé það ekki  
nákvæm tímasetning. Það segist hafa litið í ratsjá og það hafi  
ekki séð bátinn fara nær landi en 3.2 sjóm. Vitnið gat ekki sagt  
neitt um stefnu eða dýpi. Ekki kvaðst vitnið hafa séð neitt skip  
innan við bátinn.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Skipherra varðsipsins, 1. og 2. stýrimaður komu þá hver um  
sig fyrir rétt, og kváðu þeir útilokað, að annar bátur hefði getað  
verið fyrir innan Björgu, NK 103, eða að nokkur ruglingur hefði  
getað átt sér stað milli Bjargar annars vegar og annars báts hins  
vegar, þannig að annað skip hafi fyrst verið í ratarskerminum  
hjá varðskipinu, en síðar Björg, NK 103.

Í málinu var lögð fram skrifleg vörn af hálfu verjanda ákærða,  
Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, og eru dómkröfur þær, að  
ákærði verði algerlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins  
og að hæfileg málsvarnarlaun verði greidd verjanda úr ríkissjóði.

Í vörn sinni segir verjandi, að öll skilyrði skorti til þess að  
refsa ákærða fyrir eitt eða neitt, vegna þess að skipstjóri hafi  
verið sofandi eftir kl. 0440 um nóttina og þá búinn að standa  
vakt í tæpan sólarhring. Megi því segja, að skipstjóri sé forfall-  
aður og sé það stýrimaður, sem gripi inn í og gegni skipstjóra-  
störfum. Hafi því verið eitthvað athugavert við skipið á togferð-  
inni, beri stýrimaður sök á. Subjektivt séð sé þannig engin sök  
hjá ákærða, sem hljóti að leiða til sýknu hans.

Dómurinn getur ekki fallið á, að til komi neitt neyðarréttar-  
sjónarmið, þannig að stýrimaður taki við skipstjórastöðu vegna  
svefnleysis skipstjóra, heldur lítur hann svo á, að skipstjóri gegni  
áfram stöðu sinni á skipinu, þó að hann fari af vakt, og beri hann  
því ábyrgð samkvæmt stöðu sinni.

Um þá málásástæðu í vörn, að hugsanlega hafi verið tekið feil  
á m/b Björgu og öðru skipi, þá er það að segja, að skipherra

varðskipsins, 1. og 2. stýrimaður, sem allir hafa verið eiðfestir í máli þessu, hafa lýst því yfir, að útilokað sé, að um nein mistök geti verið að ræða, þannig að fyrst hafi annar bátur verið á ratsjárskerminum. Upplýst er og í málinu, að enginn hefur séð umrætt skip nema stýrimaður.

Ef annar bátur hefur verið í nánd við Björgu, hefði hann átt að sjást í ratsjá varðskipsins og þeir varðskipsmenn, sem stöðugt fylgdust með ratsjánni, að taka eftir honum.

Um mislestur þann á dýptarmæli, sem kom fram í yfirheyrslum á varðskipsmönnum, er það að segja, að rétturinn fór um borð í varðskipið Albert, og hinir sérfróðu dómendur athuguðu þar allar aðstæður við dýptarmælinn. Telja þeir víst, að farið hafi verið kvarðavíllt, þegar lesið var af um dýptina.

Í vörn sinni heldur verjandi því fram, að fyrst um mislestur hafi verið að ræða hjá varðskipsmönnum á dýptarmæli, þá geti þeir alveg eins farið víllt á bátum.

Dómurinn getur eigi fallizt á þetta, þar sem hér er um tvennt ólíkt að ræða.

Í lok varnar sinnar segir verjandi, að í máli þessu liggi alls engin sönnun fyrir, að m/b Björg hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi, enda sé hið gagnstæða staðhæft í eiðfestum vættum skipverja, er um hafi getað borið.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að m/b Björg, NK 103, var að togveiðum á þeim tíma, sem mælingar varðskipsins Alberts voru gerðar.

Um vætti matsveinsins er það að segja, að ekki er um að ræða nákvæma tímasetningu í vitnisburðinum, og getur það því vel staðizt, að báturinn sé kominn 3.2 sjóm frá landi, þegar hann lítur í ratsjána. Einnig er á það að líta, að matsveinninn gerir eigi nákvæma staðarákvörðun.

Stýrimaður rengir ekki í vitnisburði sínum skýrslu varðskipsmannanna um, að hann hafi togað í S og SV læga stefnu og að hann hafi togað í hring, er hann kom á 3 mílurnar, en togað síðar í A og síðar SA.

Dómendur telja og, að ónákvæmni gæti hjá stýrimanni, þegar hann notar aðeins einn viðmiðunarpunkt (Ingólfshöfða), en telur Salthöfða mjög vafasaman til viðmiðunar, sem þó er almennt notaður austan við Ingólfshöfða.

Ekki þykir geta komið til greina, að um annað skip hafi verið að ræða en Björgu, NK 103, og þar sem mælingarnar sjálfar hafa ekki beint verið rengdar auk þess sem hinir sérfróðu dómendur

hafa og komiz að þeirri niðurstöðu, að þær séu réttar, enda styrkir hver mæling aðra, þykir því sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands á vélbátnum Björgu, NK 103, morguninn 6. október 1969. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við öll þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru, og unnið til refsingar samkvæmt þeim.

M/b Björg, NK 103, er samkvæmt alþjóðamælibréfi vélbátsins, dags. 20. apríl 1966, 196.74 brúttórúmllestir.

Samkvæmt síðustu opinberum skýrslum um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt þessu og með tilvísun til lagaákvæða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40 þúsund króna sekt, er honum ber að greiða í Landhelgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í m/b Björgu, NK 103, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Benediktsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Björgu, NK 103, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.